

DÓMABÓK DÓMSTÓLS HSÍ

Ár 2009, fimmtudaginn 30. apríl er í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumáli nr. 1/2009:

Íþróttafélagið Gróttu (Gróttu), handknattleiksdeild

gegn

Fimleikafélagi Hafnarfjarðar (FH), handknattleiksdeild.

Málið dæmir Bergþóra Sigmundsdóttir.

Mál þetta er höfðað með kæru sem dagsett er 22. apríl 2009, og móttekin var á skrifstofu HSÍ þann sama dag kl. 16:35 og þingfest þann dag.

Dómari reyndi sættir með málsaðilum við þinghald 22. apríl 2009 án árangurs. Varnaraðila var þá veittur frestur til að leggja fram greinargerð til 23. apríl 2009 til kl. 22:00. Varnaraðili lagði fram greinargerð 23. apríl 2009 kl. 21:00.

Með bréfi, dags. 26. apríl var boðað til þinghalds 27. apríl 2009 kl. 18:00. Við þinghaldið ákvað dómari að málið skuli flutt skriflega og að ekki skuli taka vitna- og aðilaskýrslur fyrir dómi. Þinghaldi var frestað í 30 mínútur til að aðilar máls gætu lagt fram skriflegar athugasemdir. Sóknaraðili lagði fram athugasemdir í þinghaldinu.

Í kæru sinni krefst sóknaraðili þess að málið sæti flýtimeðferð á grundvelli 38. gr. laga HSÍ, þar sem augljóst sé að um sé að ræða brot á reglugerð handknattleikshreyfingarinnar. Varnaraðili heldur uppi vörnum en samþykkir flýtimeðferð. Af gögnum málsins má ráða að málið fellur ekki undir ákvæði umræddrar 38. gr.

Málsaðilar deila ekki um málsatvik og liggja fyrir ljósrit af leikskýrslum. Leikmaðurinn Aleksander Mojsa, leikmaður FH, lék með A liði FH í 4. fl. karla gegn Stjórnunni 16. apríl 2009 og Haukum 18. apríl 2009 í 8 liða úrslitakeppni 4. fl. karla A liða um Íslandsmeistaratitil A liða. Hann lék ekki með A liði FH í 4. fl. karla gegn Fram 19. apríl 2009 í úrslitakeppninni. Leikmaðurinn lék með B liði FH í 4. fl. karla gegn B liði Gróttu í 4. fl. karla 21. apríl 2009 í úrslitakeppni 4. fl. karla B liða um Íslandsmeistaratitil B liða.

Dómkröfur kæranda:

Krafa kæranda er að Gróttu verði dæmdur 10-0 sigur gegn FH í leik liðanna 21. apríl sl. í 4. fl. karla B liða í 8-liða úrslitum Íslandsmóts HSÍ.

Málsástæður kæranda:

Í greinargerð og athugasemdum Gróttu rökstyður Gróttu kröfu sína með vísan til 6. gr. og 26. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót sem samþykkt var af stjórn HSÍ 8. apríl 2009.

Í 3. mgr. 6. gr. um takmörkun á hlutgengi segir: “Taki fleiri en eitt lið frá sama félagi þátt í mótí, má enginn leikmaður leika nema með einu liði”. Það sé meginregla að leikmenn geti eingöngu spilað með einu liði í keppni. Það komi víða fram í reglum HSÍ. Leikmaður FH hafi bæði leikið með A liði og B liði FH með viku millibili í úrslitakeppni Íslandsmóts HSÍ. Það sé fráleit túlkun að þar sem að ekki sé getið um takmarkanir á flutningi milli A og B liða í sömu keppni í kafla um úrslitakeppni að það veiti félögum heimild til að flytja leikmenn á milli liða óheft.

Undantekningar frá meginreglu eigi að túlka þröngt og því verði að túlka sérreglu í 26. gr. þröngt, þ.e. ákvæð í 9. mgr. 26. gr. undir Íslandsmót er segir: “Ef tvö eða fleiri lið félags eru í sömu deild, er ekki heimilt að færa leikmenn á milli liða. Annars skulu lið félags í efri deild teljast A lið og lið í neðri deild teljast B lið, þá á leikmaður sem lék síðast leik með A liði ekki að leika með B liði. Ekki má samt færa leikmann úr A liði í B lið þegar 5 leikir eða færri eru eftir af deildarkeppni hjá öðru hvoru liðinu”.

Úrslitakeppni Íslandsmótsins sé hluti af Íslandsmótinu og því megi ekki færa leikmann milli liða í úrslitakeppni Íslandsmótsins. Önnur túlkun sé fráleit enda ákvæðið sett inn til að félög séu ekki að færa leikmenn milli liða við lok móts.

Sóknaraðili geti ekki borið ábyrgð á því að varnaraðili velji lið sín með það fáum leikmönnum að ekki sé hægt að manna lið komi til forfalla einstakra leikmanna. Það veiti ekki varnaraðila rétt til þess að fara á svig við reglur HSÍ, þær standi hverjar sem ástæður félagsins eru og hvort sem leikmaður styrkir liðið eða ekki.

Dómkröfur kærða:

FH gerir þær kröfur að úrslit leiks Gróttu og FH frá 21. apríl 2009 verði látin standa og kæru Gróttu verði vísað frá dómi HSÍ.

Málsástæður kærða:

Fyrir liggur að leikmaðurinn lék ekki síðasta leik A liðs FH fyrir umdeildan leik og á því ákvæði 26. gr. ekki við hvað það varðar.

FH rökstyður kröfur sínar með hliðsjón af því að tilvitnuð ákvæði eigi eingöngu við deildarkeppnina en ekki úrslitakeppnina. Ákvæði 26. gr. skiptist í þrjár megin keppnir, Íslandsmót, Úrslitakeppni og Bikarkeppni.

Í Bikarkeppni er tekið fram að leikmanni er eingöngu heimilt að leika með einu félagi í bikarkeppni. Þá sé 9. mgr. 26. gr. undir Íslandsmót og ekkert sambærilegt ákvæði sé um Úrslitakeppnina og eigi ákvæðið því ekki við um úrslitakeppnina enda standi um þá keppni “Að loknu Íslandsmóti skal fara fram úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitilinn”. Umrætt ákvæði eigi því ekki lengur við þegar úrslitakeppnin er hafin. Þar taki nýjar reglur við, s.s. að leikið skuli til þrautar og leikið skuli á hlutlausum velli og því þurfi að koma skýrt fram í reglugerðinni ef einhverjar hömlur skuli vera á því að færa leikmenn á milli liða.

FH vísar til þess að umræddur leikmaður hafi leikið með B liðinu í allan vetur og því hafi FH ekki verið að styrkja B liðið með þessu. Aðstæður hefðu verið með þeim hætti að A liðið

hefði ekki verið nægilega mannað vegna sérstakra ástæðna og því hafi verið gripið til þess ráðs að nota leikmann úr B liði í þessum tveimur leikjum.

Niðurstaða dómsins:

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglugerðar HSÍ má enginn leikmaður leika nema með einu liði, taki fleiri en eitt lið frá sama félagi þátt í móti. Í 26. gr. sömu reglugerðar er gert ráð fyrir því að leikmenn geti færst á milli A og B liða og virðist engin takmörkun á því að B liðs leikmaður leiki með A liði. Takmörkunin á heimild leikmanns til að leika með fleiri en einu liði miðast við að fara frá A liði yfir í B lið. Umræddur leikmaður lék ekki síðasta leik fyrir tilgreindan leik með A liðinu og á því 2. másl. 9. mgr. 26. gr. undir heitinu Íslandsmót því ekki við. Samkvæmt 3. másl. 9. mgr. 26. gr. undir heitinu Íslandsmót má ekki færa leikmann úr A liði í B lið þegar fimm leikir eða færri eru eftir af deildarkeppni hjá öðru hvoru liðinu. Verður að ætla að ástæða þessa sé m.a. að félög geti ekki sérstaklega styrkt B lið ef það liggur fyrir að A lið nái ekki sæti í úrslitakeppninni um Íslandsmeistaratitil.

Úrslitakeppnin er hluti af Íslandsmóti enda keppnin í beinu framhaldi af deildarkeppni og er keppni um Íslandsmeistaratitil. Í reglugerðinni er fjallað sérstaklega um framkvæmd úrslitakeppninnar s.s. hvaða lið öðlist rétt til þátttöku í úrslitakeppninni með hliðsjón af stöðu liða eftir deildarkeppni. Þótt oft sé rætt um að nýtt mót sé hafið með úrslitakeppninni þá gerir reglugerðin ráð fyrir samhengi milli deildarkeppni og úrslitakeppni. Telja verður því að þær reglur sem gilda um takmörkun á hlutgengi leikmanna séu þær sömu og gildi í deildarkeppni enda verður að ætla að sömu ástæður eigi við um úrslitakeppnina og síðustu leiki deildarkeppninnar, þ.e. að félög geti ekki styrkt B lið í úrslitakeppni. Ber því að líta svo á að ákvæði í 2. másl. 3. mgr. 26. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót gildi frá því tímamarki þegar 5 leikir eða færri eru eftir af deildarkeppni hjá öðru hvoru liðinu og gildi því einnig um úrslitakeppnina. Með vísan til þess er ekki heimilt að færa leikmann úr A liði yfir í B lið í úrslitakeppni. Ákvæði umræddrar reglugerðar um bikarkeppni styður einnig niðurstöðu þessa en þar er kveðið á um í 3. mgr. 26. gr. í undirkafla um bikarkeppni að leikmanni sé eingöngu heimilt að leika með einu félagi í bikarkeppni og breytir þar engu um þótt leikmaður skipti löglega um félag á keppnistímabilinu. Ákvæði þetta er því ekki samhljóma umdeildu ákvæði reglugerðarinnar. Fallist er því á kröfu Gróttu um að FH hafi notað ólöglegan leikmann, Aleksander Mojsa, í leik Gróttu og FH í 4. fl. karla B liðum 21. apríl sl. og telst FH því hafa tapað leiknum 0-10, sbr. 33. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót.

Fallist er á það með FH að ákvæði þetta mætti vera skýrara og er því ekki ákveðin sekt á grundvelli 33. gr. á hendur FH vegna máls þessa.

DÓMSORÐ:

FH telst hafa tapað leik gegn Gróttu 0-10 er fram fór 21. apríl 2009 í 4. fl. karla B liða í úrslitakeppni um Íslandsmeistaratitil.

Bergþóra Sigmundsdóttir, dómsformaður